



Vesturbyggð


DEILISKIPULAG HÓTELS OG NÁGRENNIS Á PATREKSFIRÐI, AÐALSTRÆTI 100



UMHVERFISSKÝRSLA MEÐ DEILISKIPULAGI
dags. 22. janúar 2014



Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Óskar Örn Gunnarsson,
Hamraborg 12, 200 Kópavogi - www.landmotun.is
sími 575 5300 - fax 534 5360 - netf: landmotun@landmotun.is





Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1. Markmið	4
1.2. Efni og umfang deiliskipulags.....	5
1.3. Málsmeðferð og kynning.....	5
1.4. Staðhættir.....	5
1.5. Varnargarður og landmótun	6
2. Umhverfisskýrsla.....	8
2.1. Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum	8
2.2. Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum	8
2.3. Skilgreining á vægi áhrifa.....	9
2.4. Valkostir.....	9
2.5. Tengsl við aðrar áætlanir	9
2.7. Umhverfismat	10
2.8. Mótvægisaðgerðir og vöktun.....	10
Heimildarskrá	13



1. Inngangur

1.1. Markmið

Sveitarfélagið Vesturbyggð vinnur að gerð deiliskipulags fyrir hótél og nágrenni á Patreksfirði við Aðalstræti 100 sem innifelur flóðvarnir sem verja eiga byggingar sem standa við Aðalstræti 98-100 og Aðalstræti 110. Um er að ræða gerð tveggja leiðigarða, einn smágarður ásamt fyllingum og skeringum. Byggingar sem á að verja eru innan hættusvæðis C skv. samþykktu hættumati fyrir byggðina en eftir aðgerðina munu þær falla undir hættusvæði A.


Samkvæmt viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 falla snjóflóðavarnir undir framkvæmdir er kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Vísað er til greina 2.a. um námuiðnað og efnistöku og 11.k. um snjófljóðavarnargarða til varnar þéttbýli í öðrum viðauka laganna.

Markmið með deiliskipulaginu er að auka öryggi gagnvart þeirri náttúruvá sem ofanflóð hafa í för með sér.

Tillagan var auglýst með athugasemdarfresti til 26. febrúar 2013 og bárust engar athugasemdir Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn 20. Mars 2013. Engar athugasemdir bárust frá hagsmunaaðilum á kynningartímanum. Ákveðið var að endurauglýsa deiliskipulagstillöguna þar sem láðist að gera umhverfisskýrslu með deiliskipulaginu.

1.2. Efni og umfang deiliskipulags

Deiliskipulagssvæðið er ofan við Strandgötu á Patreksfirði en einnig er íbúðarhúsið Hliðskjálfi, félagsheimili og tjaldsvæði innan deiliskipulagsmarka.



Mynd 1-1. Auglýst tillaga deiliskipulags hótels og nágrennis, Patreksfirði.

1.3. Málsmæðferð og kynning

Kynningarfundur var haldinn þann 18. september á Patreksfirði fyrir íbúa vegna frumathugunar, hættumats með og án varna, hönnun og umhverfismat fyrri varnarvirkja. Á þessum fundi voru almennar kröfðar ræddar auk þess sem fram komu sjónarmið íbúa sem tekið var tillit til í frumathugun.

1.4. Staðhættir

Þéttbýlið Patreksfjörður stendur við norðanverðan Patreksfjörð. Fjörðurinn er nokkurn veginn í norðvestur. Þorpið stendur nærri miðjum fjarðarbotninum undir fremri brattri hlíð 400-500 m há, skorinn litlum dölum og með litlu undirlendi. Allstór eyri er við utanverðan fjörðinn er kallast Vatneyri og nokkru innar opnast dalirnir Litli- og Miklidalur út í fjörðinn og er Geirseyri þar litlu utar. Nokkur hætta er á vatnsflóðum úr Litladalsá en árið 1852 eða 1854 féll vatnsflóð eftir farvegi Litladalsár sem varð einum manni að bana og tók með sér eitt fjárhús. 22. janúar 1983 féll kröfð eftir Litladalsá og fórst ein kona skemmdir urðu á nokkrum húsum..




1.5. Varnargarður og landmótun

Tillagan mun gera ráð fyrir litlum leiðigörðum ásamt landmótun á svæðinu. Forhönnun liggur fyrir en gróflega er áætlað að heildarrúmmál varna verður um 6.300 m³. Gert er ráð fyrir að efni fáist við uppgröft og landmótun á svæðinu.

Samkvæmt frumhönnun Verkíss af vörnum á svæðinu er gert ráð fyrir leiðigarði/mön sem endar í steiptum vegg næst hótelinu. Hæð á leiðigarði er 2,5-3,0 m yfir núverandi landhæð. Leiðigarður liggur ofan við hótélbyggingu þar sem núverandi aðkoma að Bræðraborg er. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu að Bræðraborg í gegnum lóð Sigtúns 29-35. Austan til á svæðinu er gert ráð fyrir lágrí mön 1-1,5 m yfir núverandi landhæð, auk þess sem land er lækkað til þess að auka rými svæðisins. Í tengslum við nýja aðkomu að Bræðraborg verður land mótað og hækkað til þess að vera hús frá hugsanlegu flóði.

Með þeim aðgerðum sem deiliskipulagið felur í sér er ætlunin að verja lóðirnar Aðalstræti 98-100 og lóð 110. Eftir uppbyggingu varna standa engin hús innan hættusvæða B og C. Staðaráhætta fólks eftir uppbyggingu varnargarða er því aldrei meiri en 1,0 af 10 0000 á ári á svæðinu.



Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir varnir við Litludalsá.

2. Umhverfisskýrsla

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir í þéttbýli falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þess vegna fellur deiliskipulagstillagan undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

- Umhverfismatið er sett fram í venslatöflum í lok hvers kafla í umfjöllun um einstök skipulagssvæði.
- Mat á umhverfisáhrifum byggist á þremur meginþáttum, sem eru:
- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti innan áhrifasvæðisins.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings.

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið, s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðsamninga, lög og reglugerðir.

2.1. Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum

Ofanflóðavarnirnar, sem er megininntak deiliskipulagsins munu valda talsverðum umhverfisáhrifum. Helstu áhrif á framkvæmdatíma felast í breytingum á því landsvæði sem fer undir garðinn og hefur því áhrif á gróðurfar og dýralíf á svæðinu, á landslag og ásýnd og umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma veldur hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

2.2. Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum

Umhverfisáhrif, sem fyrirliggjandi áætlun um breytingar á aðalskipulagi er helst talin geta haft í för með sér, eru eftirtalin, og er fjallað nánar um hvern áhrifaþátt fyrir sig aftar í skýrslunni og eru áhrifin mismunandi eftir svæðum:

- Gróður og dýralíf
- Landslag og sjónræn áhrif
- Heilsa og öryggi
- Útivist

2.3. Skilgreining á vægi áhrifa

Við matið er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan.

Vægi áhrifa	Tákn	Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfispátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt
Áhrif óljós	?	Óljós áhrif á umhverfispátt

Tafla 2-1. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

2.4. Valkostir

Um fjöllum um valkosti beinast að tveimur mismunandi leiðum. Annars vegar að byggja varnarmúr og hins vegar núllkostur sem er að hafast ekkert að. Að reisa enga varnargarða er ekki talin álitlegur valkostur þar sem enn myndi ríkja hætta á flóði úr Litludalsá og því ekki möguleiki á uppbyggingu hótels við Aðalstræti.

2.5. Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Vesturbyggðar var staðfest 15. desember 2006. Samkvæmt skipulaginu, er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota, svæði fyrir verslun og þjónustu og svæði fyrir þjónustustofnanir og verslun og þjónustu. Deiliskipulagið mun ekki hafa áhrif á stærð eða afmarkanir þessara svæða. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

2.6. Nálgun og aðferðir

Vesturbyggð í samstarfi við Landmótun sf unnu að umhverfismati deiliskipulags flóðvarna. Vinna við umhverfismatið fólst í rýni sérfræðinga Landmótunar á þeim málsgögnum sem liggja fyrir varðandi frumathugunar fyrir varnargarðinn og fyrirspurnar um matskyldu framkvæmdarinnar, sbr. heimildaskrá. Beitt hefur verið venjubundnum aðferðum við umhverfismat áætlana.

2.7. Umhverfismat

Umhverfisþáttur	Vægi	Lýsing	Viðmið
Gróður og dýralíf	-/0	Varnarvirkin munu óhjákvæmi-lega raska gróðri og dýralífi sem fyrir er á framkvæmdasvæðinu. Mikilvægt er að vanda mjög til verka við frágang varnarvirkjanna. Taka þarf mið af aðliggjandi gróðurfari þannig að mannvirkni falli sem best að landslaginu	<ul style="list-style-type: none"> Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur og um fugla og spendýr. Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Landslag og sjónræn áhrif	-	Varnarvirkin verða nálægt byggðinni og því nokkuð sýnilegar. Varnarvirkin munu breyta ásýnd svæðisins og því er mjög mikilvægt að við hönnun varnarvirkjanna verði reynt að draga úr sýnileika þeirra með landmótun. Mikilvægt er að form varnarvirkja og yfirborð falli sem best að aðliggjandi landslagi.	<ul style="list-style-type: none"> Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
Heilsa og öryggi	+	Áhrifin eru jákvæð. Markmið deiliskipulagsins er að áhætta vegna ofanflóða verði ásættanleg, þ.e. í samræmi við reglugerð nr. 505/2000. Öryggi íbúa á svæðinu mun því aukast frá því sem er í dag.	<ul style="list-style-type: none"> 505/2000 Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða. Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013
Útivist	+	Áhrif á útivist jákvæð. Varnarvirkin munu breyta ásýnd svæðisins en hins vegar munu nýtast betur til útivistar og en fyrir er tjaldsvæði á svæðinu.	<ul style="list-style-type: none"> Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013
Fornleifar	-	Leiðigarður fer yfir hlaðinn vegg.	<ul style="list-style-type: none"> Deiliskráning fornminja frá 2013.

2.8. Mótvægisáðgerðir og vöktun

Lagt er til að fylgst verði með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu. Skál sý vöktun fara fram af Náttúrustofu Vestfjarða í samráði við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun. Vegna fornleifa á staðnum þá þarf að taka snið í hlaðinn vegg til að kanna eðli og umfang hans áður en framkvæmdri hefjast.

3. Afgreiðsla eftir auglýsingu

Niðurstaða umhverfisskýrslu leiddi í ljós að neikvæðra áhrifa mun gæta vegna gróður og dýralíf, landslag og fornminjar vegna mannvirkja sem reist verða vegna framkvæmdarinnar og sett var því fram vöktunaráætlun og mótvægisáðgerðir vegna þessa.

Deiliskipulagið var auglýst frá 29. október til 3. desember og barst ein athugasemd og var brugðist við henni með að gatnatenging sem liggur á milli Aðalstrætis og Strandgötu var færð nánast í núverandi legu til þess að koma í veg fyrir að tengingin fari inn á lóðir. Mörk deiliskipulagsins eru aðlöguð að breyttri legu vegar á deiliskipulaginu.

Fyrir á árinu 2013 var tillagan var auglýst með athugasemdarfresti til 26. febrúar 2013 og bárust engar athugasemdir Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn 20. Mars 2013. Engar athugasemdir bárust frá hagsmunaaðilum á kynningartímanum. Ákveðið var að endrauglýsa deiliskipulagstillöguna þar sem láðist að gera umhverfisskýrslu með deiliskipulaginu. Við fyrri auglýsingu voru gögnin sent til umsagnaraðila og bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum;

- a) Umhverfisstofnun með umsögn dagsett 15. mars 2013. Umhverfisstofnun gerði athugasemd við að gæta þyrfti þess að væntanleg viðbygging veiki ekki leiðigarð sem áætlaður er til varnar gegn ofanflóðahættu. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir viðbyggingu við bensínstöðina.
- b) Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða með umsögn dagsett 14. mars 2013 þar sem bent er á að sýna fyrirkomulag fráveitu á svæðinu.
- c) Veðurstofan með umsögn dagsett 27. ágúst 2012 og tölvupósti dagsett 11 og 13. mars 2013. Veðurstofan gerði nokkrar athugasemdir við útfærslu garða sem orðið var við í deiliskipulagsvinnunni og við hönnun garðanna.
- d) Vegagerðin með umsögn dagsett 12. mars 2013 þar sem gerðar voru athugasemdir við nýja tengingu við Strandveg og að lokað yrði þeirri tengingu og bensínstöð tengd um nyrðri tengingu við Strandveg annars vegar og inn á tengiveg félagsheimilisins hins vegar. Ekki var hægt að verða við þeirri athugasemd vegna mótmæla lóðarhafa á svæðinu N1 og Vélsmiðjunnar Loga.

Við matslýsingu og fyrir seinni auglýsingu bárust umsagnir frá eftirfarandi aðilum;

- a) Frá Minjastofnun Íslands, dags. 30. september 2013. Minjastofnun benti á að gæta skal að verndun umhverfis við allan frágang og umgengni um svæðið. Gæta skal við allt jarðrask að fullt tillit sé tekið til allra fornleifa og að ekki má "granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað".
- b) Umsögn barst frá Vegagerðinni 17. september 2013 sem gerði engar athugasemdir við matslýsinguna. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða kom með umsögn við matslýsingu dagsett 4. október og benti á að rétt væri að gera grein fyrir fyrirkomulagi fráveitu á svæðinu.
- c) Umhverfisstofnun dagsett 22. október 2013 sem gerði ekki athugasemdir við deiliskipulagið eða umhverfisskýrslu.

Skipulagsstofnun fékk deiliskipulagið fyrst til yfirferðar með erindi dags. 4. júní 2013. Skipulagsstofnun svaraði með bréfi dagsett 27. júní og heimilaði ekki samþykkt í b-deild þar sem ekki var farið eftir lögum um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið félli þar undir. Jafnframt var talið að gera þyrfti betur grein fyrir flotbyggju og byggingu er stóð norðaustan við við núverandi hótélbyggingu. Í endurgerðri tillögu var flotbyggja felld út úr skipulaginu og umrætt hús er fyrir utan deiliskipulagsmörkin.

Skipulagsstofnun svaraði erindi Vesturbyggðar varðandi matslýsingu með bréfi dagsett 26. september 2013. Skipulagsstofnun benti þar á að gera þyrfti betur grein fyrir efnisnámmum verði þörf á frekari efnistöku og að þær námur þurfi að hafa starfsleyfi. Gert er ráð fyrir að allt efni fái við landmótun á svæðinu.



LANDMÓTUN

DEILISKIPULAG HÓTELS OG NÁGRENNIS Á PATREKSFIRÐI, AÐALSTRÆTI 100-UMHVERFISSKÝRSLA



Skipulagsstofnun svaraði ennfremur erindi Vesturbyggðar um yfirferð umhverfisskýrslu með bréfi dagsett 5. nóvember 2013 og gerði ekki athugasemdir.

Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.
2. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
3. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
4. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
5. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
6. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
7. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
9. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
10. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
11. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
12. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
13. Skipulagslög nr. 123/2010.
14. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
15. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

